

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurflugvelli



Dags eftirlits	8.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	EBK	Fulltrúi UST		
Heimili	Keflavíkurflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	ÍSAT nr.	63.23.0	
Fulltrúi fyrirtækis	Vilberg Karlsson	Staðsetning	322.019	393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í olíubirgðastöð EBK ehf. á Keflavíkurflugvelli og sest niður með Halldóri Kristjánssyni og Vilbergi Karlsyni stöðvarstjóra. Skoðuð var rekstrarhandbók og farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar voru í góðu lagi. Mæling á olíuleifum í frárennsli olíuskilju skal berast Umhverfisstofnun á árinu.

Geymar og lagnir hafa verið mæld og prófuð á síðustu árum og við eftirlit stóð yfir háþrýstipvottur á geymum sem mun krefjast málunar og merkingar á þeim að verki loknu. Rætt var um lektarprófun á mengunarvarnarpó um geymana og verður farið í þéttingar á þrónni þar sem möguleiki er á leka.

Staðfest var að starfsleyfið var til staðar í aðstöðuhúsi, svo og afstöðumynd, flæðirit, viðbragðsáætlun, rekstrarhandbók og verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar voru skoðaðar. Engar athugasemdir voru gerðar við skoðuð gögn.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (pró). Ráðlagt var að aftengja 9000 lítra neðanjarðargeymir sem áður var nýttur undir dieselolíu og tæma hann.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

ATHUGASEMDIR

Aflagður neðanjarðargeymir, sbr. grein 1.5 og 4.6 í starfsleyfi

Fram kom í eftirliti að leifar af olíu eru enn í aflögðum neðanjarðargeymi í stöðinni. Ráðlagt var að aftengja geyminn og tæma hann.

Reykjavík, 24.04.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.